

Sp.

54. Fyrirspurn

[51. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur.

Frá Benedikt Gröndal.

- 1) Er ráðherrann sammála því, að með ákvörðun um lagningu hraðbrautar fyrir Hvalfjarðarbotn (sbr. vegáætlun 1972—75) hafi Alþingi fallizt á þá skoðun Hvalfjarðarnefndar, að hafna beri hugmyndum um brú, jarðgöng eða ferju, en leggja veg með varanlegu slitlagi fyrir fjörðinn?
- 2) Ef svo er, ætlar ráðherrann að framkvæma tillögu nefndarinnar um, að rekstraröryggi og rekstrarafkoma farkosts til farþegaflutninga milli Akraness og Reykjavíkur verði könnuð til hlítar, þar á meðal skiðaskips og þyrllu? Sé svo, hvenær og hvernig á slík athugun að fara fram?
- 3) Telur ráðherrann rétt, að slík könnun verði einnig látin ná til frekari athugunar á nauðsyn og hagkvæmni nýrrar bifreiðaferju milli Akraness og Reykjavíkur, ekki sízt með tilliti til þess, að með núverandi framkvæmdahraða muni taka um 12 ár að fullgera hraðbraut fyrir Hvalfjörð til Akraness?